„Alls vér erum einnar tungu
þó að gerst hafi mjög önnur tveggja eða nokkuð báðar“
Um nokkrar setningafræðilegar breytingar í færeysku

Höskuldur Þráinsson

ÍSLENSKU-
OG MENNINGARDEILD

Markmið

Að skoða nokkrar færeyskar setningagerðir sem eru ólíkar íslenskum setningagerðum til þess að:

- fá betri hugmynd um þróun (*gongd*) færeysks máls
- skilja betur hvenær og hvernig færeyska og íslenska hafa greinst að (*skiljast sundur*)
- skilja betur hvernig tungumál breytast

- Rannsóknarspurningarnar eru meðal annars þessar:
  - Hversu gamlar eru þær breytingar í færeyskri setningagerð sem greina hana frá íslenskri setningagerð?
  - Eru þessar breytingar sjálfsprottnar („*sjálvsáaðar*") eða hafa þær kannski orðið fyrir dönsk áhrif?
  - Er færeysk setningagerð að breytast hraðar nú á síðustu tímum en áður?

Skipulag

- Um efni og aðferð (*tilfar, kanningarháttur*)

- Atriði sem verða skoðuð með lauslegum samanburði við íslensku:
  - eignarliðir (*ognarsambond*) með *teirra* vs. *sín*
  - óákveðinn greinir (*óbundið kenniorð*)
  - tvöföld ákveðni (*dupul binding*, *tvíbinding*)
  - lýsingarháttur (sagnbót; *luttøkuháttur, supinum*) og nafnháttur

- Niðurstaða

Efni og aðferð

Mest byggt á færeyskum textum en stundum á síðari tíma könnunum.

- *Føroya kvæði I–V*. Eyðun Andreasen skannaði.
- Færeyskt biblíumál: Þýðing Schrøters á Mattheusarguðspjalli frá 1823 (*Evangelium*). Skannað. Um 160 síður (23.400 orð). Sbr. danska textann og þýð. Danielsens 1949 (www.biblian.fo).
- Færeyinga saga: Útg. Rafns 1832. Um 200 síður skannaðar (23.100 orð) (*Færeyínga saga* ... 1832). Sbr. fornísl. textann, danska textann og þýð. Niclasens (1995).
- *Sagnir og ævintýr*. Jakobsen á 19. öld. 94 síður skannaðar (um 23.100 orð).
- *Bábelstorn* Regins í Líð (1909). 107 síður skannaðar. Um 25.000 orð.
- Uppskriftir úr Bandasavninum. Viðtöl 1960–1990, yfir 2.3 milljón orð. 120 viðmælendur, flestir fæddir fyrir 1920.
- *Teldutøka tekstasavn Føroyamálsdeildarinnar* (efni frá efni frá ýmsum tímum).
- Risamálheildin íslenska stundum notuð til samanburðar.

teirra vs. *sín*

(1) a Anna$_i$ tók bók sína$_i$/hennara$_j$/*hennara$_i$ (f)
b Anna$_i$ tók bókina sína$_i$/hennar$_j$/*hennar$_i$ (í)
c Anna$_i$ tog sin$_i$/hendes$_j$/*hendes$_i$/bog (d)

(2) a Genturnar$_i$ tóku bók sína$_i$/teirra$_j$/?teirra$_i$
b Stelpurnar$_i$ tóku bókina sína$_i$/þeirra$_j$/*þeirra$_i$
c Pigerne$_i$ tog *sin$_i$/deres$_j$/deres$_i$ bog

Spurningar:

- Er algengt (*vanligt*) að láta *teirra* vísa til frumlags (*grundlið*) (sbr. (2a))?
- Er það mest ungt fólk sem notar *teirra* á þennan hátt eða er þetta gamalt mál?
- Eru þetta kannski dönsk áhrif (*ávirkan*) (sbr. *deres* í (2c))?

Könnun (*kanning*)

Um 310 þátttakendur (*luttakarar*) mátu þessi dæmi:

(3)a. *Granskararnir vóru her í nógvar vikur.*
Teir skrivaðu um **sínar** royndir í bløðunum.

b. *Føroyska landsliðið vann 3-0 á Íslandi.*
Spælararnir tosaðu um **teirra** avrik aftaná dystin.
[*teirra avrik* = avrikini hjá spælarunum]

Möguleg svör:

ja = **Natúrligur** setningur. Soleiðis hevði eg væl kunnað sagt.

? = **Ivasamur** setningur. Soleiðis kundi eg neyvan sagt.

nei = **Ónatúrligur** ella ómøguligur setningur. Soleiðis kundi eg ikki sagt.

Könnun



Hlutfall (%) þeirra sem töldu *sínar* og *teirra* eðlilegt mál (*natúrligur setningur*) í (3).

- Flestir telja bæði *sínar* og *teirra* eðlilegt mál.
- Það er ekki tölfræðilega marktækur munur á aldurshópunum en *teirra* fær besta dóma hjá elsta hópnum og versta dóma hjá þeim yngstu.

Gamlir textar

Leitaði að *teirra* vs. *sín* í þessu hlutverki í textunum:

Føroya kvæði: *teirra* 3 dæmi, *sín* mörg dæmi
Evangelium … (Schrøter 1823): *teirra* 8 dæmi, *sín* 13 dæmi
Færeyínga saga (Schrøter 1832): *teirra* 0 dæmi, *sín* 19 dæmi
Sagnir og ævintýr (19. öld): fáein dæmi um báðar gerðir
Bábelstornið (1909): fáein dæmi um báðar gerðir (meira *sín*?)

- Schrøter þýddi *Evangelium* … úr dönsku en hafði bæði forníslenska gerð og danska til hliðsjónar þegar hann þýddi *Færeyínga søgu*.
- Danskan hefur alltaf *deres* í báðum bókum, forníslenska gerðin af *Færeyínga søgu* alltaf *sín*

Nokkur gömul dæmi

(4)a. ríða sig til Húnalanda / ímót **teirra** móður ráði (*Før. kv.* I)
b. Løgdu **sínum** bátunum / suður við strand (*Før. kv.* I)

(5)a. at tey skulu ikki traðka tær niður við fótum **teirra** (*Evang.* 7:6)
b. at teir bøttu nót **sína** (*Evang.* 4:21)
(Danielsen 1949 hefur *sín* í báðum tilvikum, danski textinn *deres*.)

(6)a. Teir leggja nú skipini í legu og binda um sár **síni** (*Fær. s.*, 76)
b. teir bróta nú upp vápn **síni** (*Fær. s.*, 85)
(fornísl. textinn hefur *sín*, Niclasen 1995 líka, danskan *deres*)

(7)a. og fólk heittu tí ofta á prestin í neyð **teirra** (*Sagnir*, 75)
b. ótu teir **sín** mat á hesari hellu (*Sagnir*, 39)

(8)a. høgir harrar kundu tamba **teirra** vembir við góðgæti (*Báb.*, 63)
b. teir donsku harrar hava haft teymarnar í **síni** hond (*Báb.*, 58)

Yngri dæmi

Teldutøka tekstasavnið: Allmörg dæmi af báðum gerðum:

(9) a. føroyingar eru [...] meira áhugaðir í at eiga **teirra** bústað
b. allir føroyingar, sum elska **teirra** føðiland

(10) a. kommunur, sum ikki megna at halda **sínar** skyldur
b. kommunurnar halda skyldir **sínar**

Bandasavnið: Mjög fá dæmi um *teirra*, mörg um *sín*:

(11) a. Teir róðu so út ... og so heim til **teirra** heimbygd
b. sum teir av og til sóu undir **teirra** vandringi

(12) a. har høvdu tær **sín** vetrahaga
b. teir blivu so á **sínum** stað

Dregið saman

- *teirra* í þessu hlutverki er nokkuð gamalt í færeysku þótt það sé sjaldgæft í kvæðunum
- kannski er það að einhverju leyti komið til fyrir dönsk áhrif (sbr. *Schrøter* 1823 vs. 1832)
- flestir málnotendur samþykkja það í dag þótt *sín* fái yfirleitt heldur betri dóma
- *teirra* er kannski meira notað í ritmáli en talmáli (sbr. *Tekstasavnið* vs. *Bandasavnið*)

Óákveðinn greinir

Munur á færeysku, íslensku og dönsku:

(13) a. Ég keypti eina bók / *bók í gjár. (f)
b. Ég keypti *eina bók / bók í gær.[1] (í)
c. Jeg købte en bog / *bog i går. (d)

Spurningar:

- Hefur óákveðinn greinir (*óbundið kenniorð*) verið notaður lengi í færeysku?
- Er notkun hans kannski til komin fyrir dönsk áhrif?
- Hefur notkun hans vaxið stöðugt?

[1] *eina bók* er eðlileg íslenska ef *eina* er töluorð, ekki ef *eina* á að vera óákveðinn greinir.

Gamlir textar

Føroya kvæði:
allmörg dæmi um óákveðna greininn

Evangelium … (Schrøter 1823):
mikið af dæmum um óákveðna greininn
og hann er auðvitað almennt notaður í danska textanum

Færeyínga saga (Schrøter 1832):
talsvert mikið af dæmum um óákveðna greininn
en hann er auðvitað ekki notaður í forníslenska textanum

Sagnir og ævintýr (19. öld):
óákveðni greinirinn kemur víða fyrir

Bábelstornið (1909):
óákveðni greinirinn kemur víða fyrir

Nokkur gömul dæmi

(14) a. Regin er **ein** góður smiður (*Føroya kv.* I)
b. møtir honum **ein** gamal maður (*Føroya kv.* I)

(15) a. Men hon skal føða **ein** son (*Evang.* 1:21)
(Danielsen 1949: *Hon skal eiga son*)
b. bygdi hús sitt á **eini** hellu (*Evang.* 7:24)
(Danielsen 1949: *á hellu*)

(16) a. nú verður **ein** stór orrusta (*Fær. s.*, 82)
(Niclasen 1995, 44: *mikil orrusta*)
b. eri blivin **ein** kristin maður (*Fær. s.*, 141)
(Niclasen 1995, 141: *kristin maður*)

(17) a. Tá tók gjógvarámaðurin **ein** knív fram (*Sagnir*, 17)
b. hann spýði sum **ein** grísur (*Báb.*, 2)

Dregið saman

- óákveðni greinirinn kemur fyrir í elstu færeysku textum
- notkun hans hefur verið nokkuð á reiki í upphafi og það er vel hugsanlegt að áhrif frá dönsku hafi aukið hana
- notkunin er í fastari skorðum í færeysku nútímamáli (þótt hún sé býsna flókin!) en ekki er auðvelt að sjá stöðuga þróun í þá átt síðastliðin 200 ár

Tvöföld ákveðni

Tvöföld ákveðni (*dupul binding*, *tvíbinding*) kemur ekki bara fyrir með ákveðnum greini (*bundið kenniorð*, sbr. *hin/tann reyði bilurin*) heldur líka með ábendingarfornöfnum (*ávísingarfornøvnum*) í færeysku. Hún er hvorki í íslensku[1] né dönsku:

(18)a. Hvør eigur hendan reyða bilin? (f)
b. Hver á þennan rauða bíl / *bílinn ? (í)
c. Hvem ejer denne røde bil / *bilen ? (d)

Tvöföld ákveðni er algeng í norsku og sænsku:
(19) a. Jeg eier denne bilen. (n)
b. Jag äger denna bilen. (s)

[1]Nokkrar „undantekningar“ eru til, bæði með *hinn* (sbr. *hinn* daginn) og tímafrasar með *sá* (þf. *þann*) eins og *þann daginn*

Gamlir textar

Tvöföld ákveðni kemur stundum fyrir í kvæðunum líkt og í færeysku nútímamáli en stundum ekki. Ákvæðisorðið fer oft á eftir ákveðna nafnorðinu:

(20) a. drekkur **tann** mjøð**in** reina (*Før. kv.* I)
b. drekka **tann** mjøð í blandi (*Før. kv.* I)
c. Fáið Sjúrða hjálm**in tann** (*Før. kv.* I)
d. so gekk hon í garð**in tann** (*Før. kv.* I)

Hér er líklegt að hljómfall (*taktur*, *rútma*) geti haft áhrif.[1]

[1]Dæmi eins og *dag**inn** þann*, *mann**inn** þann* má finna í íslensku í sérstökum stíl og í kveðskap:

Enginn fundur átti sér stað dag**inn** þann (Risamálheildin)
Jósep, Jósep, nefndu dag**inn** þann
Frá því marki mann**inn** þann/ég menntaðastan dæmdi
(Stephan G.)

Gamlir textar

Tvöföld ákveðni kemur oft fyrir í þýðingu Schrøters á *Evangelium* þótt hún sé hvergi í danska frumtextanum … en Danielsen (1949) virðist ekki nota hana eins mikið:

(21) a. till **tann** heiliga stað**in** (*Evangelium* 4:5)
(Danielsen: *til hin heilaga stað*)
b. í **tann** æviga eld**in** (*Evangelium* 25:41)
(Danielsen: *í hinn æviga eld*)
c. at **hesin** forføra**rin** segði (*Evangelium* 27:63)
(Danielsen: *at hasin villleiðari segði*)

Danielsen notar þó tvöfalda ákveðni stundum:
Matt. 16:9: ***hini*** *fimm breyð****ini***,
Matt. 12:43: ***hin*** *óreini and****in***,
Matt. 15:17: ***hinn*** *náttúrliga veg****in***
(í síðasta dæminu hefur Schrøter reyndar ekki tvöfalda ákveðni!).

Gamlir textar

Tvöföld ákveðni er líka algeng í *Fær. sögu* og í þýðingu Niclasens 1995 (en hvorki í fornískenska né danska textanum):

(22) a. **tann** fjórða mannabót**in** (*Fær. s.*, 117)
(Niclasen 1995, 62: ***hin*** *fjórða mannabót**in***)
b. **tann** gent**an** æt Tóra (*Fær. s.*, 122)
(Niclasen 1995, 63: ***tann*** *gent**an***)
c. **Tann** sama vetur**in** (*Fær. s.*, 129)
(Niclasen 1995, 67: ***tann*** *vetur**in***)
d. **tann** ring**in** hevði Sigmundur [...] átt (*Fær. s.*, 187)
(Niclasen 1995, 99: ***tann*** *ring**in***)

Það er líka talsvert um einfalda ákveðni, sérstaklega eftir *hesin*, bæði hjá Schrøter og Niclasen:

(23)a. burtur úr **hesum** landi (*Fær. s.*, 95)
(Niclasen 1995, 51: ***hesum*** *landi*)
b. **hesin** ringur verður tín bani (*Fær. s.*, 154)
(Niclasen 1995, 80: ***hesin*** *ringur*)

Gamlir textar

Sagnir og ævintýr og *Bábelstornið* innihalda allmörg dæmi um tvöfalda ákveðni þótt einföld ákveðni sé líka algeng:

(24) a. sum **tann** heiti drýlur**in** hevði nomið við (*Sagnir*, 72)
b. tætt omanfyri **hin** gamla bøgarð**in** (*Sagnir*, 52)
c. lótu **tann** seinasta rætt**in** av hondini (*Báb.*, 64)
d. so breyt **hin** kolblái fossur**in** (*Báb.*, 62)

(25) a. at hoyra **tann** dóm, sum (*Sagnir*, 42
b. **tann** órætt, hon leið (*Báb.*, 52)
c. **hin** døkki og óttamikli bakki (*Báb.*, 53)

Dregið saman

- tvöföld ákveðni kemur fyrir í elstu færeysku textum
- hún virðist nokkuð á reiki í upphafi
- notkunin er líklega í eitthvað fastari skorðum í færeysku nútímamáli (þótt hún sé býsna flókin!)
- dönsk áhrif koma ekki til greina – og norsk og sænsk virðast mjög ólíkleg

Lýsingarháttur og nafnháttur

Í færeysku finnast tvenns konar dæmi um lýsingarhátt þátíðar (sagnbót, *luttøkuhátt, supinum*) þar sem búast mætti við nafnhætti, miðað við fornmál (og íslensku og dönsku):

I. Á eftir háttarsagnorðum í þátíð – stundum í óraunveruleikamerkingu (*irrealis*), sbr. (26b):

(26) a. Hon kundi fara (nh), hvar hon vildi.
b. Hon kundi farið (lh), um hon vildi.

II. Á eftir öðrum lýsingarhætti (lýsingarháttardreifing, *supinumspreiðing*), sbr. (27b):

(27) a. Tað er stuttligt at sleppa (nh) at halda (nh) røðu.
b. Tað hevði verið stuttligt at sloppið (lh) at hildið (lh) røðu.

Ath. að lýsingarhátturinn tekur hér með sér *at* („*fallháttarbitil*“)

Samanburður við nágrannamál

- Lýsingarháttur kemur ekki fyrir í þessum setningagerðum í íslensku.
- Notkun lýsingarháttar til að tákna eitthvað óraunverulegt (*irrealis*) í norrænum málum er óljós.
- Utan Færeyja kemur lýsingarháttardreifing helst fyrir í norrænum málum í norskum mállýskum, eitthvað líka í sænskum en síður í dönskum (Sandøy 1991: 251):

(28) Han fortalde at han hadde ikkje orka (å) tenkt mer …

Munur á I og II

- Lýsingarháttur á eftir háttarsögn í þátíð (*kundi farið*, *átti at lisið* ...) er almennt mál í færeysku í dag og getur haft sérstaka merkingu.

- Lýsingarháttardreifing er yfirleitt valfrjáls (*valfrí*) og þar merkir lýsingarhátturinn ekkert annað en nafnháttur í sama samhengi.

Spurning:

- Er lýsingarháttardreifing kannski yngri en lýsingarháttur á eftir háttarsögn í þátíð – og jafnvel mállýskubundin (sbr. Henriksen 1991)?

Hammershaimb

Ummæli í grein eftir Hammershaimb (1900, sjá Sandøy 1991: 259):

- Eg finnist at, tá ið eg nú so ofta í føroyskum avísum síggi samansetningar av orðum, sum mál okkara ikki eigir at hava, t.d. […] "at eingin átti at ivast í at **gjørt** sær ta fyritøku" […] "hava hjálpt til at **bygt** hana" […] Tílíkar samansetningar, sum ikki hoyra málinum til, brúkast nú so ofta í tí, sum prentað verður, at tað er við at festast í tí og villa fólk til at taka slíkt rangt upp í talumálið.

Hér er lýsingarháttardreifing í seinna dæminu a.m.k. – líklega báðum (*ivast* væri þá lýsingarháttur).

Könnun

Þátttakendur (um 330) mátu m.a. þessi dæmi:

(29) a. Hon hevur fingið tíðina at gingið við at lisið bøkur. (sup)
b. Eg havi fingið tíðina at **ganga** við at **spæla** kort. (nh)



Hlutfall (%) þeirra sem töldu *supinum* og *navnhátt* eðlilegt mál (*natúrligur setningur*) í (29).

Hvort tveggja oftast samþykkt af öllum aldurshópum.

Könnun

Er skýr munur á milli landshluta (sbr. Henriksen)?



Hlutfall (%) þeirra sem töldu *supinum* og *navnhátt* eðlilegt mál (*natúrligur setningur*) í (29).

Ekki skýr munur milli landshluta

Gamlir textar

Í kvæðunum má finna dæmi um lýsingarhátt á eftir háttarsögn í þátíð:

(30) a. eg kundi tær ei **bestaðið**. (*Før. kv.* I)
b. tær kundi **verið** til vilja (*Før. kv.* I)
c. tað skuldi betri **tikið**. (*Før. kv.* I)
d. ikki skuldi tú [...] boðini **borið** heim (*Før. kv.* I)

en ég **fann ekki dæmi um lýsingarháttardreifingu** (leitaði bara í I. bindi, sem er um 200 þús. orð)

Gamlir textar

Í *Evangelium* er þetta dæmi (er bæði gerð I og II):

(31) tað, ið eg kundi **havt** at **hjálpt** tær við (*Evangelium* 15:5)

Hér hefur Danielsen (1949) *skuldi* ***fingið*** og í danska textanum stendur *kunne* ***hjulpet*** og ekki *kunne hjælpe*.

Færeyinga saga (1832): Þrjú dæmi fundust um lh á eftir háttarsögn í þátíð, ekkert um lýsingarháttardreifingu:

(32)a. um tú kundi **komið** tað í lag (*Fær. s.*, 89)
b. og kundi tað **borið** til, at (*Fær. s.* 125)
(Niclasen 1995, 65: *kundi eg* ***goldið***)
c. og tygum kundi **verið** nøkur lívd av (*Fær. s.*, 212)

Gamlir textar

Sagnir og ævintýr:

- Mörg dæmi um lh á eftir háttarsögn í þátíð, fá um lýsingarháttardreifingu (fann tvö):

(33) a. ikki skuldi tú **borið** boð í býggj (*Sagnir*, 21)
b. tað mátti **verið** lítið fyri hann (*Sagnir*, 24)

(34) a. so hevði eg hugsað at **skorið** … (*Sagnir*, 74)
b. tað mátti verið lítið fyri hann … at **lopið** … (*Sagnir*, 24)

(Jakobsen, sem var samstarfsmaður Hammershaimbs, sá um útgáfuna á þessum þjóðsögum og ævintýrum!)

Gamlir textar

Í *Bábelstorninum* (1909):

- auðvelt að finna dæmi um lýsingarhátt á eftir háttarsögn í þátíð
- fleiri dæmi fundust um lýsingarháttardreifingu (a.m.k. 8) en í eldri ritum:

(35) a. Væl kundi bóndin [...] kravt (*Báb.*, 14)
b. so skuldi eg hjálpt Sigmundi at ... (*Báb.*, 95)

(36) a. eingin hevði enn vágað at vent ... (*Báb.*, 3)
b. brennivínið hevði verið at fingið ... (*Báb.*, 67)

Dregið saman

- lýsingarháttur á eftir háttarsögn í þátíð er almennt mál í færeysku
- færeyskir málnotendur samþykkja yfirleitt lýsingarháttardreifingu og þar er ekki skýr munur á aldurshópum eða eftir landshlutum
- lýsingarháttur á eftir háttarsögn í þátíð finnst í elstu færeysku textum
- lýsingarháttardreifing er mjög sjaldgæf í elstu færeysku textum (fann engin dæmi í kvæðunum eða Færeyinga sögu) en virðist sækja í sig veðrið undir lok 19. aldar
- dönsk áhrif koma varla til greina – og norsk og sænsk virðast mjög ólíkleg

Niðurstaða

- Flest atriðin sem voru skoðuð koma fyrir í gömlum færeyskum textum (lýsingarháttardreifing er undantekning) en sum eru algengari nú en áður.

- Ekki fundust skýr dæmi um aldursbundinn mun.

- Dönsk áhrif koma helst til greina í tveim tilvikum: *teirra* „í stað“ *sín* (sbr. *deres* í dönsku) og óákveðinn greinir.

- Sjálfsprottin þróun er líklegri í öðrum tilvikum þótt hliðstæð þróun hafi stundum átt sér stað í norsku og sænsku.

Greinar sem vísað er til

Henriksen, Jeffrei. 1991. Navnháttur ella lýsingarháttur í føroyskum. *Málting* 3: 25–29.

Sandøy, Helge. 1991. Attraksjon av supinum i færøysk og norsk. *Danske folkemål* 33: 251–262.